

EFTIRLITSSKÝRSLA

FUNI, URÐUN AÐ KLOFNINGI

Dagsetning	28.10.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Rekstraraðili	Funi Sorpbrennsla	Starfsleyfi, gildir til	Gildistími starfsleyfis er runninn út
Heimilisfang	Hafnarstræti 1 400 Ísafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480394-2169	Fulltrúar fyrirtækis	Ralf Trylla Ísafjarðarbæ
Isat nr.	38.21.0,	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfið er runnið út og er unnið að lokun staðarins. Drög að lokunaráætlun liggja fyrir og er gert ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdum að Klofningi, þ.e. fullnaðarlokun urðunargryfja og í kjölfarið sáning í yfirlag ljúki sumar/haust 2012. Ekki var að sjá breytingar á urðunarsvæði frá fyrra eftirliti haustið 2010. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir vegna mælinga á grunnvatni á svæðinu en fram að gildistöku lokunarfyrirmæla, skulu mælingar á vatni fara fram í samræmi við starfsleyfi. Þá er mælt með því að mæling á umfangsbreytingum (urðaðs úrgangs) hefjist um leið og endanlegri jarðvegshulu hefur verið komið fyrir á svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðu lokunar urðunarstaðar að Klofningi í samræmi við reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Urðunarsvæðið var skoðað og málefni staðarins rædd við Ralf Trylla.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Athugasemd 1:

Í drögum að lokunarfyrirmælum urðunarstaðarins er farið fram á ákveðnar mælingar á grunn- og yfirborðsvatni. Grunnvatnsmælingar hafa ekki farið fram á svæðinu hingað til og er því nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að mælingar séu framkvæmanlegar.

Þá er rétt að mælingar fari fram í samræmi við starfsleyfi þar til lokunarfyrirmæli taka gildi.

Athugasemd 2:

Í drögum að lokunarfyrirmælum urðunarstaðarins er m.a. gert ráð fyrir í ákv. 1.7 að fylgst verði með breytingum á umfangi (sig) urðaðs úrgangs. Heppilegast er að hefja eftirlit þessa þáttar um leið og gengið er frá jarðvegshulu á svæðinu, en samkvæmt lokunaráætlun rekstraraðila er áætlað að jarðvegsframkvæmdum á svæðinu verði lokið árið 2012.

Önnur atriði:

Engin önnur atriði.

Reykjavík, 9.1.2012

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.